

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

24. mars 2021

Efni

Umsögn Samtaka ungra bænda um mál nr.74/2021 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Samtök ungra bænda lýsa yfir efasemdum um raunverulega gagnsemi þessarar reglugerðarbreytingar og hafa áhyggjur af að þetta muni verða til þess að neytendur verði verr upplýstir um þær upplýsingar sem þeir eigi rétt á. Afleiðingin gæti orðið minna traust neytenda til verzlunar og eða framleiðenda.

Í starfi samtakanna hefur verið tíðrætt um mikilvægi merkinga matvæla og má benda á ályktun frá nýliðnum aðalfundi SUB:

Aðalfundur Samtaka ungra bænda, haldinn þann 27. febrúar 2021 á fjarfundi lýsir yfir ánægju sinni með aðgerðir um betri merkingar matvæla og tillögu á sérstöku búvörumerki en skorar á Landbúnaðarráðuneytið um leið að efla og flýta þeirri vinnu sem komin er varðandi upprunamerkingar matvæla og rekjanleika þeirra.

Greinargerð:

Það er gífurlegur skortur á upprunamerkingum á matvælum hérlendis og þarf að bæta úr því. Þetta á við alla matvöru, innlenda, erlenda, gos eða sælgæti. Við eigum að gera þá kröfu til þeirra sem standa að innflutningi matvæla að fá upprunamerkingar á vörinni.

Með hliðsjón af því þykir samtökunum ekki tilefni til að gefa afslátt á þeim merkingum sem nú er krafist þótt nota megi nefndar leiðir til að koma viðbótarupplýsingum til neytenda líkt og nákvæmari og ítarlegri rekjanleika, kolefnisspori, framleiðsluháttum o.s.frv.

Stjórn Samtaka ungra bænda tekur að öðru leyti undir umsagnir Bændasamtaka Íslands, Landsambands Kúabænda og Sambands garðyrkjubænda og Sölufélags garðyrkjumanna og vonar að þessar athugasemdir verði ræddar, teknar til greina og fái framgang við úrvinnslu málsins.

Virðingarfyllt
Stjórn Samtaka ungra bænda